

Borgarráð 15. ágúst 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hlutfall íbúða til fyrstu kaupenda MSS24080046

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarráð samþykki að í samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar verði auk annarra samningsmarkmiða skilgreint hlutfall íbúða sem skal selja til fyrstu kaupenda. Samningsmarkmið þessi kæmu til viðbótar þeim sem fyrir eru en samið hefur verið um að ákveðið hlutfall íbúða fari til ákveðinna hópa. Í nýjum byggingarreitum er oft samið um kauprétt Félagsbústaða á 5% íbúða og að 20% íbúða verði skilgreindar sem leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða.

Greinargerð

Með tillögu þessari er vakin athygli á mikilvægi þess að fólk sem ekki á eign fyrir fái tækifæri til að kaupa sína fyrstu íbúð. Tillaga af þessum toga hefur ekki verið lögð fram áður. Í því árferði (verðbólga og háir stýrivextir) sem nú ríkir í samfélaginu hefur orðið æ erfiðara fyrir ungt fólk að festa kaup á íbúð. Reykjavíkurborg getur liðkað fyrir ungum kaupendum með því að skilgreina í samningsmarkmiðum sínum að ákveðið hlutfall nýbyggingar skuli eyrnamerkt fyrstu kaupendum.